

Fundargerð 54. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar haldinn 13. janúar 2011, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins, Skógarbraut 946 á Ásbrú.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,  
Árni Sigfússon,  
Reynir Ólafsson,  
Berglind Kristinsdóttir,  
Inga Sólnes,  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar  
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Stafneshaugar - útboð  
Pálmar Guðmundsson, verkefnastjóri, kom inn á fundinn undir þessum lið.  
Kynnt var fyrir stjórn niðurstöður vegna útboðs á jarðvinnuverki á Stafnesi.  
Stjórn bókaði eftirfarandi og fól framkvæmdastjóra að klára málið.

Bókun.

Stjórn leggur það til að tekið verði fyrsta óaðfinnanlega tilboðið sem uppfyllir allar þær útboðskröfur sem settar voru fram.

3. Seltún - staða  
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi Seltún.
4. Önnur mál

Þjónustusamningurinn við Ríkið.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn drög að þjónustusamningi. Stjórn samþykkti drögin og fól framkvæmdastjóra að senda þau til fjármálaráðuneytisins.

Fundi slitið.

Næsti fundur verður haldinn 10. febrúar 2011.

